

Fimmtudaginn 19. desember 1996.

Nr. 451/1996.

**Lögreglustjórinn í Reykjavík**

gegn

**Rúnari Kolbeini Óskarssyni**

(Pétur G. Kristjánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr 19/1991.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 1996, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi til 10. janúar 1997 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 1996.**

Ár 1996, föstudaginn 13. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a- og b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Rúnari Kolbeini Óskarssyni, kt. 250757-4179, með lögheimili í Portúgal, en dvalarstað að Háaleitisbraut 34 og Laugavegi 60, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 föstudaginn 10. janúar 1997 vegna grunar um brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 og 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn lögreglunnar vegna handtöku tveggja Hollendinga sl. miðvikudag, þar sem hald var lagt á um 10 kg af hassi, leiddi til þess, að húsleit var gerð á heimili systur kærða, Steinunnar Óskar Baptiste, en kærði hefur dvalist þar á heimilinu síðastliðna tvo mánuði. Við húsleitina fundust samtals rúmlega 8 kg af hassi auk nokkurs magns af amfetamíni og öðrum fíkniefnum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi hefur kærði játað að hafa haft vörslur rúmlega 8 kg af hassi, er í íbúðinni voru, en segir, að Albart Jan van Houten hafi átt efnið.

Þá hefur kærði játað að hafa tekið við pakka af útlendingi og geymt í bifreið sinni. Kveðst hann hafa talið, að um hass væri að ræða.

Verjandi kærða krefst þess aðallega, að gæsluvarðhaldskröfu verði hafnað, en til vara, að varðhaldstími verði stytur verulega.

#### *Niðurstaða.*

Lögregla styður gæsluvarðhaldskröfu við a- og b-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Verjandi mótmælir gæsluvarðhaldi með tilvísun til þess, að skilyrðum laga sé ekki fullnægt.

Á dvalarstað kærða fannst umtalsvert magn fíkniefna, sem hann játar, að hafi verið í sínum vörslum. Brýnt tilefni er til nákvæmrar rannsóknar. Kærði er samkvæmt þessu undir rökstuddum grun um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi, svo sem krafist er, til 10. janúar 1997.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Rúnar Kolbeinn Óskarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 10. janúar 1997 kl. 16.00.

---